



Ársskýrsla Árskóla

Skólaárið 2019 - 2020

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
STARFSTÍMI SKÓLANS	6
NEMENDAFJÖLDI	6
STARFSMANNAHALD	6
STJÓRNENDUR	6
STARFSMENN - STÖÐUGILDI	7
FJÁRMÁL	8
FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2015-2019	8
SKÓLANÁMSKRÁ	8
ANNAÐ SKIPULAG	9
SKÓLARÁÐ	9
NEMENDAFÉLAG	9
SKÓLAÁRIÐ - NÁMSMAT	9
STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI	10
TEYMISKENNSLA	12
ÁRVIST - HEILSDAGSSKÓLI	13
SKIPULAG FÉLAGSSTARFA	14

SAMSTARF	16
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	16
FORELDRAFÉLAG	16
FORELDRASAMSTARF	16
TENGL VÍÐ LEIKSKÓLA	17
TENGL VÍÐ FRAMHALDSSKÓLA	20
TENGL VÍÐ INNLENDAR MENNTASTOFNANIR	20
TENGL VÍÐ ERENDA SKÓLA	21
SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF	21
VALGREINAR	22
SKÓLASAFN	22
TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI	24
TÆKJABÚNAÐUR	24
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI	24
MAT Á SKÓLASTARFI	25
SJÁLFSMAT SKÓLA	25
YTRA MAT Á SKÓLASTARFI	26
ENDURMENNTUN	27
FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS	27

RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS	28
FRÆÐSLUDAGUR	29
ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF	30
VINALIÐAVERKEFNIÐ	30
LESTRARSTEFNA	31
BYRJENDALÆSI	31
OLWEUSARSTARFIÐ	32
VINAVERKEFNIÐ	33
FYLGISKJÖL	34
FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2019 - 2020	34
FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2020-2021	35

INNGANGUR

Í haust hóf Árskóli sitt sjöunda starfsár með alla starfsemi skólans undir einu þaki. Námsumhverfið og kennsluaðferðirnar í skólanum hafa gjörbreyst á þessum árum með teymiskennslu í öllum bekkjum og aukinni notkun spjaldtölva til náms og nýtingu upplýsingatækninnar í öllum námsgreinum.

Síðastliðin tvö ár hafa námsgreinar verið samþættar á unglingsstigi og þær kenndar í lotum. Þessir tímar eru nefndir X-ið. Algengast er að samþættar séu greinarnar íslenska, samfélagsgreinar og náttúrugreinar. Þessi tilraun hefur gefist vel og gert er ráð fyrir að framhald verði á.

Skólastarfið framan af vetri var með eðlilegum hætti, en seinni hluta vetrar einkenndist starfið af fordæmalausum aðstæðum í þjóðfélaginu vegna Covid-19. Í samkomubanninu, frá 16. mars - 4. maí, var skólastarfið endurskipulagt m.t.t. þess að hámarksfjöldi í hópum mátti ekki fara yfir 20. Öllum bekkjum var því skipt upp í 2 - 3 hópa sem komu í skólann á mismunandi tímum og blönduðust ekki innan skólans á tímabilinu. Kennurum og öðru starfsfólki var skipt niður á hópana. Mötuneytið var lokað vegna smithættu og komu nemendur með nesti að heiman. Skólasafnið var einnig lokað, en bækur lánaðar í stofur. Nemendur í 1. - 4. bekk fengu fullan kennslutíma þessa daga. Nemendur í 5. - 6. bekk mættu einnig í skóla nánast fullan kennsludag, en voru í fjarkennslu þess utan. Allir nemendur frá 1. - 6. bekk fóru í útivist með íþróttakennurum í u.þ.b. hálf tíma á dag. Frá 7. - 10. bekk mættu allir nemendur í skóla í 60 - 80 mínútur á dag og voru í fjarkennslu þess utan. Það kom berlega í ljós að sú vinna sem lögð hefur verið í að efla upplýsingatækni í skólastarfinu á undanförunum árum nýttist vel á þessu tímabili, því bæði kennarar og nemendur sýndu að þeir voru vel undirbúnir og tilbúnir í fjarkennslu og skiluðu sínu hlutverki með sóma.

Skólastarf Árskóla hefur mótast af áratuga gömlum hefðum sem skapa skapa öryggi og festu í síbreytilegu skólastarfi og skapa skólanum sérstöðu. Flestum hefðunum tókst okkur að viðhalda í vetur þrátt fyrir aðstæðurnar, en íþróttadagurinn og árshátíðir yngsta stigs féllu þó niður og skólaferðalögum 7. - 10. bekkjar var frestað til haustsins.

Að lokum viljum við minna á að þrátt fyrir að mörgu leyti góðar aðstæður til kennslu í skólanum má ekki gleyma því að A-álma skólans er orðin verulega úr sér gengin og þarfnast sárlega viðhalds, endurbóta og nýrra húsgagna til að hún geti þjónað miðstiginu sem skyldi. Á síðustu árum hafa mjög stórir árgangar komið inn í skólann á yngsta stigi og fyrirséð er að fjöldi í hópunum mun skapa veruleg vandræði í A-álmunni þegar þeir árgangar koma upp á miðstigið. Skólinn býr einnig við nokkur þrengsli og hefur þörf skólans fyrir náttúrufræðistofu, textílstofu og frambærilegan sal til afnota fyrir samkomur af ýmsu tagi, s.s. árshátíðir og tónlistarviðburði aukist með tilkomu Tónlistarskólans innanhúss.

Sauðárkróki, 11. júní 2020

Óskar G. Björnsson skólastjóri

Hallfríður Sverrisdóttir aðstoðarskólastjóri

STARFSTÍMI SKÓLANS

Skólastarf hófst 15. ágúst með skipulagsdögum og skólasetning fór fram 23. ágúst. Skóla var slitið 28. maí. *Skóladagatal 2019-2020* og *skóladagatal 2020-2021* má sjá í fylgiskjölum.

NEMENDAFJÖLDI

Skólaárið 2019 – 2020 var nemendafjöldi skólans eftirfarandi:

1.	bekkur	40 nemendur
2.	bekkur	48 nemendur
3.	bekkur	28 nemendur
4.	bekkur	36 nemendur
5.	bekkur	28 nemendur
6.	bekkur	31 nemendur
7.	bekkur	32 nemendur
8.	bekkur	36 nemendur
9.	bekkur	50 nemendur
10.	bekkur	36 nemendur

Nemendur voru samtals 365 að vori 2020.

STARFSMANNAHALD

STJÓRNENDUR

Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, sem jafnframt er deildarstjóri miðstigs, starfa við Árskóla 2 deildarstjórar stiga, þær Ragnheiður Matthíasdóttir deildarstjóri yngsta stigs og Kristbjörg Kemp deildarstjóri unglíngastigs. Anna Steinunn Friðriksdóttir deildarstjóri sérkennslu var í námsleyfi í vetur og leysti Björk Hlöðversdóttir hana af. Þar að auki er deildarstjóri Árvistar - tólmstundaskóla, Ragna Fanney Gunnarsdóttir.

Við skólann starfa 80 starfsmenn, þar af eru kennarar 40 talsins, að deildarstjórum meðtöldum. Stöðugildi til kennslu eru 33,5 og kennslustundir á viku skólaárið 2019-2020 eru 871.

STARFSMENN - STÖÐUGILDI

Árskóli	Stöðugildi
Stjórnun	4
Kennarar	33,5
Skólaliðar	4,8
Stuðningsf.	7,8
Stuðningsf. frá öðrum sveitarf.	3,85
Matráðar	4,2
Skólaritari	1
Umsjónarmaður/húsvörður	1
Náms- og starfsráðgjafi	0,5
Kennsluráðgjafi	0,5
Samtals:	
<i>Kennarar og stjórnendur</i>	37,5
<i>Aðrir starfsmenn</i>	20,2
Samtals	57,7

Árvist (heilsdagsskóli)

Starfsmenn	2,8
Stjórnun	0,7
Samtals	3,5

FJÁRMÁL

FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2015-2019

Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit yfir úthlutun fjármagns í milljónum til skólans sl. 5 ár. Þarna er eingöngu átt við fjármagn til skólans (lykill 04213), án sérdeildar og Árvistar.

Liðir	2015	2016	2017	2018	2019
Tekjur	22,1	33,9	33,3	42,1	44,7
Laun	405	440	470,8	478,8	502,8
Vörukaup	42,1	52,0	58,7	62,5	64,4
Þjónustukaup	181,1	182,4	170,3	193,8	190,0
<i>-þar af innri leiga</i>	116,5	123,5	119,6	116,1	133,9
<i>-þar af skólaakstur</i>	24,0	26,0	26,0	28,2	37,9
Samtals	606,1	645,9	666,7	693,0	707,0

SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá Árskóla er tvískipt, annars vegar almenn stefnumörkun skólans sem birt er í skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans með upplýsingum sem eru

breytilegar frá ári til árs. Starfsáætlunin er uppfærð árlega og skólanámskrá eftir þörfum.

ANNAÐ SKIPULAG

SKÓLARÁÐ

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funda að jafnaði mánaðarlega með skólaráði, kynna þeim áætlanir skólans og fjalla um skólastarfið. Fundargerðir skólaráðs og starfsreglur eru birtar á vef skólans.

NEMENDAFÉLAG

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag samkvæmt grunnskólalögum. Stjórn nemendafélags Árskóla vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð fulltrúum nemenda í 7. - 10. bekk. Starfsreglur hennar eru á vef skólans. Deildarstjóri unglíngastígs fundar með stjórninni. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

SKÓLAÁRIÐ - NÁMSMAT

Í grundvallaratriðum byggir námsmat skólans í því að nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum skólans í öllum námsgreinum jafnt og þétt yfir skólaárið. Sett eru fram metanleg hæfniviðmið skólans í öllum námsgreinum og er hvert markmið orðað þannig að það sé metanlegt með matskvarða. Hæfniviðmið skólans eru nánari útfærsla á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2011 og 2013. Á yngsta- og miðstigi eru

hæfniviðmiðin metin með hæfnikvarðanum *Framúrskarandi, Hæfni náð, Á góðri leið, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð*. Lokaeinkunn í hverri námsgrein er gefin að vori með sama kvarða á yngsta stigi, en með matskvarðanum *A, B+, B, C+, C, D á miðstigi*. Á unglingastigi er notaður matskvarðinn *A, B+, B, C+, C, D* bæði fyrir einstök hæfniviðmið og lokaeinkunn. Tveir foreldraviðtalsdagar voru á skólaárinu, sá fyrri var snemma að hausti og sá seinni í janúar. Formlegt námsmat var unnið jafnt og þétt yfir skólaárið, rætt í foreldraviðtölum í janúar og afhent við skólaslit að vori. Í öllu námsmati er gert ráð fyrir að kennarar noti símat en byggji námsmatið ekki eingöngu á einstökum prófum eða könnunum. Vægi einstakra þátta getur verið breytilegt eftir námsgreinum, en er nánar tiltekið í náms- og kennsluáætlunum kennara.

STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI

Undir stoðþjónustu Árskóla starfa deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, þroskaþjálfari, stuðningskennarar og stuðningsfulltrúar. Einnig er hægt að sækja frekari þjónustu til Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með og annast skipulagningu og ráðgjöf á allri sérkennslu, stuðningskennslu og öðrum stuðningi við nemendur í skólanum. Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deildarstjóra, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, kennara og annarra sem koma að nemendum enda samvinna forsenda árangursríks starfs. Geta ber þess að náms- og starfsráðgjafi Árskóla var í 50% stöðuhlutfalli þetta skólaár.

Í vetur störfuðu 16 kennarar og 15 stuðningsfulltrúar (2 bættust í þann hóp, annars vegar vegna fósturbarns sem kom í febrúar og hins vegar vegna sérúrræðis sem var ætlað nemandi í 9. bekk en gekk ekki) við stoðþjónustu Árskóla í mismunandi stöðuhlutföllum. Einn þroskaþjálfari er í fullu starfi við skólann og einn leikskólakennari. Stuðningstímar kennara námu allt frá 1 kennslustund til 26. Alls voru stuðningstímarnir 225 á viku, þar af 199 kennarastundir og 26 þroskaþjálfastundir. Vinnuframlag

stuðningsfulltrúa var um 281 klukkustundir á viku sem bæði fólst í einstaklingsaðstoð og/eða aðstoð við nemendur inni í bekk.

Markmið stoðþjónustu Árskóla er að mæta þörfum nemenda með sérþarfir. Það er gert með sérkennslu, stuðningskennslu og/eða öðrum sértækum úrræðum. Í Árskóla er einnig starfrækt Námsver. Hlutverk þess er að veita nemendum með ýmiss konar fötlun eða mikil þroskafrávik sérhæfð úrræði og einstaklingsmiðað nám. Áhersla er jafnframt ætíð lögð á að allir nemendur taki sem mestan þátt í bekkjarstarfi og sitji kennslustundir með bekkjarfélögum eins og kostur er.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Tekið er mið af þörfum og styrkleikum hvers einstaklings og leitast er við að ná settum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá sem sérkennari/þroskaþjálfari og umsjónarkennarar/greinakennarar útbúa í hverju tilviki fyrir sig í samráði við foreldra/forsjáraðila og annað starfsfólk. Stuðningskennsla er vinna með nemendum sem þurfa stuðning og aðhald við námið en fylgja samt markmiðum jafnaldra eftir. Kennslan fer ýmist fram sem stuðningur í kennslustund eða í litlum nemendahópum.

Hlutverk stuðningsfulltrúa er að auka færni og sjálfstæði nemenda, hvort heldur sem er námslega eða félagslega. Þeir vinna undir stjórn deildarstjóra eða kennara við að aðstoða kennara við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Góð samvinna hefur verið við fyrirtæki og stofnanir í bænum við að finna sérhæfð úrræði fyrir eldri nemendur í formi starfsþjálfunar til að auka hlutverklegar vinnu á

kostnað bóklegrar. Áhersla verður á að auka þennan þátt í náminu og koma þannig enn betur á móts við mismunandi þarfir nemenda.

Teymi eru mynduð utan um nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi til að halda utan um málefni þeirra og námsframvindu. Oftast er um að ræða nemendur með þroskafrávik, sértæka námsörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Fundir eru að öllu jöfnu haldnir á 6 - 8 vikna fresti. Í teymunum sitja að öllu jöfnu foreldrar, umsjónarkennari/ar, deildarstjóri sérkennslu og/eða stiga, þroskaþjálfari/sér- og stuðningskennari, stuðningsfulltrúi, auk aðila frá tengslastofnunum ef við á.

TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla hefur verið í öllum árgöngum skólans síðustu sjö skólaár. Hefðbundið bekkjarkerfi var afnumið en í stað þess er unnið með hvern árgang í heild sem bekkjardeild og umsjónarkennarar eru yfirleitt tveir, en þrír í stærri árgöngum. Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu.

Teymiskennslan er með ýmsu sniði, algengt er að kennararnir í teyminu deili með sér kennslu allra nemendanna en einnig er nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða námsefni. Hver árgangur hefur tvær opnar, samliggjandi kennslustofur og hafa kennarar möguleika á að loka á milli eftir hópum og viðfangsefni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en ótal kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa

jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnæðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að nokkru leyti tekur það lengri tíma, auk þess sem sumum nemendum finnst erfitt að vinna í áreiti sem kunna að fylgja stærri nemendahópum.

ÁRVIST - HEILSDAGSSKÓLI

Árvist er tómstundaskóli fyrir börn í 1. - 3. bekk, rekinn af Árskóla. Börn úr 1. og 2. bekk hafa forgang umfram eldri börn sem og börn sem búa við fötlun og/eða veikindi. Greitt er fyrir fyrirfram ákveðinn tímafjöld á viku. Skráningar í Árvist fara fram í maí og umsóknin gildir einungis fyrir komandi skólaár. Fjárhagsáætlun og stærð húsnæðis setur ramma utan um starfsemina. Opið er í Árvist kl. 13:10-16:30 alla skóladaga. Opið er á starfs- og skipulagsdögum skólans, foreldraviðtalsdögum og í vetrarfríum. Lokað er í jóla- og páskafríum. Árvist opnar viku fyrir skólabyrjun og hefur lokað við skólaslit.

Haustið 2019 voru 83 börn skráð í Árvist en voru þó ekki fleiri en 77 á sama tíma. Í samkomubanni var Árvist opin alla daga til kl. 16:00 og fengu allir sem óskuðu eftir vistun að vera alla daga. Í samkomubanni var Árvist í skólastofum barnanna til að forðast blöndun barnahópanna og var starfið því töluvert í breyttri mynd. Á vorönn fækkaði börnunum og voru alls 65 í lok skólaárs. Starfsmenn þessa skólaárs voru 8 talsins, deildarstjóri og 4 stuðningsfulltrúar, einn sá um ræstingu að auki og þrír með stuðning við börn með sérþarfir. Sem fyrr sér starfsfólk Árvistar um að fylgja börnunum á íþróttæfingar og nú er líka hægt að fara í tónlistarskólann á Árvistartíma. Einnig sér

starfsfólk Árvistar um að fara með og sækja börnin á sundnámskeið á haustin og á vorin.

Í júní sl. var foreldrum verðandi barna í 1. bekk boðið á kynningarfund hér í skólanum þar sem meðal annars var hægt að skoða húsnæði Árvistar og fá upplýsingar um starfið. Deildarstjóri Árvistar er Ragna Fanney Gunnarsdóttir.

SKIPULAG FÉLAGSSTARFA

Umsjónarkennarar halda utan um félagsstarf í sínum bekk. Þeir skipuleggja bekkjarkvöld, spilakvöld, vinabekkjasmveru, litlu jól og skemmtanir, gjarnan með foreldrum, en í samstarfi við foreldrafélag skólans starfa 2 - 4 tengiliðir í hverjum bekk sem fulltrúar foreldra.

1. – 4. bekkur. Bekkjarkvöld eru að öllu jöfnu haldin að tvisvar á skólaári. Árshátíð hvers árgangs, þar sem nemendur koma fram með ýmis skemmtiatriði og leikþætti, er haldin árlega og er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á sýningu í Bifröst. Vegna Covid-19 var ekki unnt að halda árshátíðir yngsta stigs á þessu skólaári.

5. – 7. bekkur. Bekkjarkvöld eru að öllu jöfnu haldin tvisvar á skólaári. Árshátíð þar sem allir nemendur viðkomandi bekkja koma fram er haldin árlega. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við undirbúning. Ágóði rennur í ferðasjóð 7. bekkjar, en 7. bekkur fer í þriggja daga ferðalag að vori. Umsjónarkennarar 7. bekkjar aðstoða við fjáröflun vetrarins. Auk þess gefa nemendur 7. bekkjar út skólablað miðstigs, *Skólatrall* sem selt er til fjáröflunar. Vegna aðstæðna í vetur var Skólatrall ekki gefið út og skólaferð 7. bekkjar frestað til haustsins.

8. – 10. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári (8. - 9. bekkur). Árshátíð 8. og 9. bekkjar er haldin í desember. Árshátíð 10. bekkjar er haldin í mars. Ágóði árshátíða unglíngastigs rennur í ferðasjóð 10. bekkja sem fara í 5 daga ferð til

Danmerkur og Svíþjóðar. Nemendur í leiklistarvali 10. bekkjar bera hitann og þungann af leikritinu sjálfu, en allir nemendur í 10. bekk koma að sýningunum með einum eða öðrum hætti. Undanfarin ár hafa sýningar verið u.þ.b. 10 talsins. Umsjónarkennarar 10. bekkjar og deildarstjóri aðstoða nemendur við undirbúning og alla fjáröflun. Auk leiksýningar er ein aðalfjáröflunin dansmaráðun 10. bekkjar sem haldið er fyrri hluta októbermánaðar. 10. bekkur gefur einnig út skólablað unglingsstigs, *Glóðafeyki* til fjáröflunar.

Nokkur ferðalög eru farin á vegum skólans og er komin hefð á flesta áfangastaði:

1. bekkur: Heimsókn á sveitabæ – Keldudalur í Hegranesi.
2. bekkur: Heimsókn í Glaumbæ – Víðimýri, Varmahlíð og skógrækt.
3. bekkur: Farið heim að Hólum.
4. bekkur: Dagsferð. Blönduós, Skagaströnd og nágrenni.
5. bekkur: Dagsferð til Dalvíkur – Hríseyjar.
6. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
7. bekkur: Skólabúðir að Reykjum (5 d.). Vorferðalag um Suðurland (3 d.)
8. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
9. bekkur: Menningarferð (dagsferð) til Reykjavíkur. Heimsókn í Þjóðminjasafnið og leikhúsför.
10. bekkur: Skólaferðalag/nemendasamskipti, sl. 21 ár til Danmerkur og einnig Svíþjóðar sl. 17 ár.

SAMSTARF

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

FORELDRAFÉLAG

Við skólann starfar foreldrafélag sem er skipað fulltrúum foreldra. Félagið hefur m.a. staðið fyrir fyrirlesturum um skóla- og uppeldismál ásamt ýmsum viðburðum á vegum skólans og í samstarfi við kennara.

Í hverjum árgangi eru tveir til fjórir foreldrar tengiliðir. Þeir funda með umsjónarkennurum nokkrum sinnum á skólaárinu og aðstoða við félagsstarf í sínum bekk. Umsjónarkennarar hafa samband við tengiliði þegar þeir vænta þátttöku foreldra í skólastarfinu en jafnframt hafa tengiliðir frumkvæði að samstarfi. Foreldrafélagið hefur m.a. staðið fyrir vinahringjum í yngri bekkjum.

FORELDRASAMSTARF

Nauðsynlegt er að leggja rækt við samvinnu skóla og heimila og auka þátt foreldra í skólastarfinu og reynir skólinn að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Að hausti boða umsjónarkennarar hvers árgangs foreldra til sín og kynna þeim námsefni vetrarins, áætlanir viðkomandi árgangs og skólastarf vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að hitta stjórnendur og koma með fyrirspurnir.

Skólinn stendur fyrir sérstöku fræðslunámskeiði fyrir foreldra 1. bekkinga að hausti, sem mælst hefur mjög vel fyrir. Þar er skólastarfið kynnt rækilega, byrjendalæsi, stoðkerfið, sálfræðiþjónusta skólans og starfsemi fræðsluþjónustu.

Í 5. bekk er haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þar sem fjallað er sérstaklega um sameiginleg viðmið og gildi í uppeldi barna auk þess sem Olweusaráætlunin er kynnt. Einnig hefur verið fjallað um netnotkun barna og þær hættur sem ber að varast.

Í 8. bekk hefur einnig í nokkur ár verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra að hausti. Á fundinum eru foreldrum kynntar breyttar áherslur í námi og starfi þegar komið er á unglingsstig. Haldnir eru fyrirlestrar, annars vegar um breytingar sem fylgja unglingsárunum og hins vegar um um netnotkun unglinga og hættur í netheimum. Olweusaráætlunin er einnig ítrekuð á þessum fundi.

Kennarar 1. bekkjar kalla foreldra og börn inn í sérstök viðtöl við upphaf skólagöngu. Að vori eru valgreinar næsta skólaárs kynntar nemendum í 8. og 9. bekk og valblað afhent. Tölvupóstur er sendur út til foreldra/forsjáraðila þar sem námsframboð er kynnt. Bæklingur um námsval fyrir næsta skólaár er birtur á vef skólans. 10. bekkingar fá kynningu á innritunarferli framhaldsskólans. Þeim og foreldrum þeirra er boðið til skólakynningar í FNV eftir áramót.

Kennarar eru hvattir til þess að hafa samband að fyrra bragði við foreldra vegna allra tilvika sem upp geta komið í skólastarfinu og snerta nemendur. Þetta á bæði við um þegar vel gengur og eins þegar eitthvað bjátar á og finna þarf leiðir til að leysa úr verkefnum. Oft er leitað til foreldra eftir aðstoð við skólastarfið, t.d. við undirbúning jóla- og bekkjarskemmtana, vegna ferðalaga og vettvangsferða.

TENGLI VIÐ LEIKSKÓLA

Sífelld er unnið að auknum tengslum við leikskólann Ársali með sameiginlegum fundum og gagnkvæmum heimsóknum nemenda, sérstaklega yngstu nemendanna. Deildarstjóri og kennarar yngsta stigs Árskóla halda reglulega fundi með leikskólastjóra og kennurum í Ársölum þar sem samstarfið er skipulagt. Starfsmenn skólanna hafa m.a. leitað leiða til að auðvelda flutning nemenda úr leikskóla í grunnskóla, sótt sameiginlegt námskeið og samræmt kennsluaðferðir að hluta. Skólarnir hafa haft kennaraskipti einu sinni á þessu skólaári, einn dag í senn. Þessi kennaraskipti eru að jafnaði tvisvar á ári en vegna Covid-19 féllu þau niður í seinna skiptið. Hið sama má

segja um marga þá dagskrárliði sem fyrirhugaðir voru seinni hluta skólaársins í ár. Dagskráin í maí stóðst þó eins og ráð var fyrir gert. Hefð hefur myndast fyrir því að deildarstjóri yngsta stigs og verðandi kennarar 1. bekkjar verði viðstaddir skólaslit í Ársölum að vori og leikskólakennarar úr Ársölum starfi í Árskóla fyrsta skóladag 1. bekkjar að hausti.

Skipulag samstarfs við leikskólann Ársali á þessu skólaári var eftirfarandi:

Ágúst:

26. Skilafundur í Ársölum vegna væntanlegra nemenda í 1. bekk. Skipulagsfundur um leið.

28. Fyrsti skóladagur 1. bekkjar. Leikskólakennarar frá Ársölum vann í Árskóla.

September:

16., 23. og 30. Heimsókn skólahóps á skólasafn í Árskóla, 12 - 13 nemendur í senn

Október:

1., 8., og 15. Heimsókn skólahóps í kennslustund í 1. bekk, 14. - 15. nemendur í senn.

10. Heimsókn skólahóps á dansmaráðon hjá 10. bekk.

Nóvember:

1. Heimsókn 1. bekkjar í leikskóla í vinastund. Leikur úti og inni.

20. og 21. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

15. 7. bekkur heimsótti skólahóp og las fyrir leikskólanemendur í tilefni *af Degi íslenskrar tungu*.

29. Friðarganga. Skólahópur tók þátt í friðargöngu Árskóla.

Desember:

12. Lúsíudagur í Árskóla. 6. bekkur Árskóla heimsótti Ársali á Lúsíudaginn.

Janúar:

6. Skipulagsfundur kennara beggja skóla var haldinn í Ársölum.

9., 16. og 23. Nemendur úr skólahópi Ársala komu í tölvutíma með 3. bekk Árskóla.

13 - 14 nemendur í senn.

27. Heimsókn 2. bekkjar í Ársali að leika úti og inni.

Febrúar:

3., 10. og 17. Skólahópur fór í íþróttatíma með 1. bekk Árskóla.

13 - 14 nemendur í senn.

Mars:

10. bekkjarar heimsækja Ársali og kynna árshátíðarleikrit sitt.

Apríl:

8. og 9. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

27. og 30. Nemendur úr skólahópi heimsækja 2. bekk í söng- og leikjatíma.

Mái:

3. Skólahópur heimsótti Árvist og lék á skólalóð Árskóla.

27. Grill og gleðiganga Árskóla. Nemendur skólahóps Ársala tóku þátt.

28. Útskrift skólahóps Ársala. Deildarstjóri yngsta stigs Árskóla og umsjónarkennarar 1. bekkjarar veturinn 2020 - 2021 voru viðstaddir.

Skilafundur vegna verðandi 1. bekkjarar með sérþarfir er haldinn í maí ár hvert. Þann fund sitja deildarstjóri og þroskaþjálfari í skólahópi, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla, deildarstjóri sérkennslu Árskóla, forstöðumaður Árvistar, verðandi kennarar 1. bekkjarar Árskóla og foreldrar viðkomandi barna.

Skilafundur vegna annarra verðandi 1. bekkjarar er haldinn um miðjan ágúst. Þann fund sitja að öllu jöfnu deildarstjórar skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla og umsjónarkennarar 1. bekkjarar. Þessi fundur fór fram um vorið 2020 á þessu skólaári.

TENGLI VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Gott samstarf er við Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra. Nemendum 10. bekkjar og foreldrum þeirra er boðið á kynningarfund í FNV þar sem skólastarfið; námsframboð og félagslíf er útlistað.

Árskóli er í samstarfi við FNV varðandi kennslu í nokkrum valgreinum í 9. og 10. bekk, s.s. FabLab, hönnun og smíði og málmsmíðalist.

Árskóli hefur einnig verið í samstarfi við Hólaskóla í um áratug, þar sem 8. og 9. bekkjum er boðið upp á valgreinina hestamennsku, bóklega og verklega, undir leiðsögn kennaranema (æfingakennsla) á leiðbeinendastigi. Er þarna um vikunámskeið að ræða og hefur þetta samstarf skólanna tekist afar vel. Níu nemendur úr 9. bekk tóku þátt í námskeiðinu í vetur.

Einn nemandi úr 10. bekk lauk námsmarkmiðum 10. bekkjar í stærðfræði í vor. Sækja þarf formlega um á sérstökum eyðublöðum á vef skólans ef nemendur vilja flýta námi sínu og er umsóknin tekin til umfjöllunar af stjórnendum og kennurum í viðkomandi námsgrein og niðurstaðan kynnt nemendum og foreldrum á fundi í skólanum.

TENGLI VIÐ INNLENDAR MENNTASTOFNANIR

Eins og undanfarin ár voru margar gestakomur í Árskóla á þessu skólaári. Það sem helst vakti áhuga á skólanum var upplýsingatæknin, innra matið, vinaliðar, teymiskennslan og skólamenningin. Meðal þeirra sem komu í heimsókn var starfsfólk einstakra innlendra skóla, en einnig voru hér kennarar frá ýmsum Evrópulöndum í tengslum við Erasmus+ verkefni. Einnig voru hér 150 gestir víðsvegar af landinu á UT ráðstefnu. Hluti af ráðstefnunni var að fylgjast með skólastarfi í Árskóla.

TENGLI VIÐ ERLENDA SKÓLA

Skólinn hefur undanfarin ár átt í samstarfi við skóla í Køge í Danmörku, aðallega Højelse skole. Þessi samskipti hafa einkennst af gagnkvæmum heimsóknum og tölvusamskiptum nemenda og kennara. Í lok september heimsóttu nemendur úr Højelse skole Árskóla. Til stóð að 10. bekkur Árskóla færi í skólaferðalag til Danmerkur og Svíþjóðar í maí og heimsækti þá Højelse skole, en þeirri skólaferð var frestað fram í ágúst vegna Covid-19.

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur Evrópulönd og hefur samstarfið hlotið Erasmusstyrki. Í lok október 2019 komu gestir, nemendur og kennarar, frá fjórum Evrópulöndum í heimsókn í Árskóla. Í febrúar 2020 fóru þrír kennarar ásamt skólustjóra á Erasmusráðstefnu til Kýpur. Fyrirhuguð ferð kennara og fjögurra nemenda úr 10. bekk til spænsku eyjarinnar Gran Canaria, sem fara átti í lok mars, féll niður vegna Covid-19. Með ferðinni átti að loka tveggja ára Erasmusverkefni um málefni innflytjenda og flóttamanna sem kennarar og nemendur Árskóla hafa verið þátttakendur í.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir að hausti í öllum grunnskólum landsins í 4. og 7. bekk og að vori í 9. bekk. Prófin eiga að meta kunnáttu og færni í íslensku og stærðfræði í öllum árgöngunum og auk þess í ensku í 9. bekk. Prófin hafa verið lögð fyrir rafrænt frá hausti 2016.

Tilgangur prófanna er eftirfarandi:

- að athuga eftir því sem kostur er að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð
- að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur

- að veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins

VALGREINAR

Í 8. bekk geta nemendur valið sér námsgrein í 2 stundir á viku. Í vetur voru í boði námsgreinarnar leiklist, listasmiðja, heimabyggðin, skák og fluguhnýtingar. Í 9. – 10. bekk er einnig boðið upp á fjölbreytt úrval valgreina. Undanfarin ár hefur skólinn boðið nemendum að fá íþróttaæfingar hjá íþróttafélagi, t.d. fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir metnar sem valgrein samkvæmt ákveðnum reglum sem skólinn setur og í vetur voru 30 nemendur sem nýttu sér það. Gerður er sérstakur samningur varðandi slíkar valgreinar þar sem nemendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi ástundun. Einnig geta nemendur fengið fullt nám í Tónlistarskóla metið sem valgrein og nýttu 6 nemendur sér það. Nemendum stóð einnig til boða að fá ungliðastarf hjá Björgunarsveitinni Trölla metið sem valgrein og nýttu 14 nemendur sér það. Í vetur var valgreinum sem eru hálfan vetur fjölgað til þess að gefa fleiri nemendum kost á að komast að í vinsælum valgreinum.

SKÓLASAFN

Í október 2013 var opnað nýtt og glæsilegt skólabókasafn við Árskóla og haustið 2014 var byrjaða að tengja bækur safnsins við Gegni, landskerfi bókasafna. Það er góð vinnuaðstaða fyrir minni hópa á safnsvæðinu. Góður aðgangur er að tölvustofu þar sem 15 borðtölvur eru, auk fartölva. Hægt er að vera með einn árgang í vinnu á svæðinu ef svo ber undir. Bókakostur safnsins er ágætur og nokkuð fjölbreyttur þó fjárveitingar til safnsins mættu vera ríflegri. Allir nemendur nýttu sér bókakostinn fyrir frjálsan lestur. Safnið var nýtt fyrir vinnu í flestum námsgreinum á mið- og unglíngastigi.

„Bangsadagur“ var haldinn hátíðlegur hjá 1. - 6. bekk. Skólaárið 2014-2015 var byrjað með lestrarhvatningarverkefni sem kallast Drekaflúbbur. Nemendur urðu mjög spenntir fyrir þeim klúbbi og hefur hann haldið vinsældum sínum. Haustið 2018 bættist annar lestrarhvatningarklúbbur við, Disney klúbbur fyrir nemendur í 2. - 4. bekk. Varð hann strax mjög vinsæll og er mikil hvatning fyrir marga nemendur. Minni klúbbar bættust við skólaárið 2019-2020, Galdrastelpuklúbbur og klúbbur þar sem lesnar eru bækur í ákveðnum bókaflokkum.

Öll þessi verkefni voru vinsæl hjá nemendum og jókst lestur hjá mörgum þeirra.

Kynning á nýjum bókum er fastur liður á aðventunni.

Útlán safnsins síðustu 4 skólaár.

Skólaár	Fjöldi bóka
2016- 2017	7061*
2017-2018	7189*
2018-2019	9676*
2019-2020	5895*

*Útlán utan Gagnis eru ekki inni í þessari tölu. Bækur sem fara í kennslustofur eru ekki heldur inni í þessari tölu. Nemendur í 1. - 7. bekk fá 30 - 40 bækur til að hafa í stofunum og er þeim skipt út einu sinni á önn.

Skólasafninu var lokað þegar samkomubann vegna Covid-19 gekk í gildi 16. mars. Fleiri bækur voru settar í kennslustofur þ.a. nemendur höfðu góðan aðgang að bókum. Einnig gátu nemendur og starfsfólk pantað bækur hjá skólasafnskennara. Til skólaloka voru allar bækur sem skilað var á safnið sótthreinsaðar. Frá og með 4. maí þegar samkomubanni í skólum var aflétt voru allir helstu snertifletir á svæðinu sótthreinsaðir nokkrum sinnum á dag.

TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI

TÆKJABÚNAÐUR

Eins og Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir þarf að þjálfa hvern nemanda markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á Netinu er nauðsynlegt að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum, höfundarétt, læri að virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýni víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar. Til að breyta kennsluháttum í takt við þarfir 21. aldarinnar eru þráðlaus tæki orðin nauðsynleg til að geta unnið óhindrað með öðrum, hvar og hvenær sem er. Tækjabúnaður skólans þarf því að vera í takt við tímann.

Áframhaldandi vinna var með upplýsingatækni í námi og kennslu og nemendur í 1. - 2. bekk eru með eitt tæki á hverja 2 nemendur í árganginum. Nemendur í 3. - 10. bekk voru allir með sitt tæki í vetur.

Eins og staðan er núna eru 15 borðtölvur í stóru tölvustofunni en einnig 46 Chromebook fartölvur til útláns á öllum stigum og hafa þær reynst mjög vel. Minni tölvustofunni hefur verið breytt í tækniherbergi þar sem 22 símar í sýndarveruleika, 5 iMac tölvur, aðrir iPadar og vélmenni eins og Dash og Sphero eru hlaðin og geymd. Skólinn á nú allan tölvu- og tæknibúnað og nemendur og starfsmenn búnir að færa sig að fullu í G Suite for Education frá Google. Utanumhald og uppfærslur á tækjabúnaði skólans er í MDM kerfinu JAMF.

ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI

Haustið 2014 fór af stað verkefni í breytingu kennsluhátta þar sem þjálfun starfsmanna, fagleg umræða, iPad spjaldtölvur og fartölvur spila stórt hlutverk. Í upplýsingasamfélagi 21. aldarinnar hættir nám ekki um leið og skólabjallan

hringir í lok dags heldur geta nemendur nú lært það sem þeir vilja, þegar þeir vilja, ef þeir hafa til þess tæki og hafa lært að nýta þau sér til gagns, upplýsingaöflunar og -miðlunar.

Með innkomu tækja í skólastofuna verður um leið töluverð breyting á því hvernig vinna nemenda fer fram. Lagt er upp með að nýta tækin sem námstæki og koma þeim það vel inn í námsgreinarnar að minni hættu sé á því að þau verði notuð sem leiktæki og „verðlaun“ fyrir nemendur. Ný vinnubrögð hafa rutt sér til rúms í kennslustofunni og áherslan hefur farið frá kennaranum yfir á nemandann og hans vinnubrögð. Hópaþvinna nemenda hefur aukist með tilkomu tækninnar og hafa nemendur öðlast aukna færni í að vinna saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þetta hefur þroskað þá í samskiptum og tillitssemi. Áhugi og viðhorf nemenda til náms og skólans hafa tekið stakkaskiptum til hins betra.

MAT Á SKÓLASTARFI

SJÁLFSMAT SKÓLA

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Skólanámskráin er lögð til grundvallar í öllu mati skólans, en hún er sá faglegi grundvöllur sem skólastarfið byggir á. Þar eru markmið skólastarfsins sett. Markviss endurmenntunar- og þróunaráætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins.

Skólinn hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school*, allt frá árinu 1999. Starfsfólk Skólaskrifstofu Skagafirðinga þýddi aðferðina yfir á íslensku það ár og var aðferðin nefnd *Gæðagreinar*. Aðferðin hefur verið notuð í grunnskólum í Skagafirði og víðar um land síðan. Skotarnir hafa þróað og uppfært sjálfsmatsaðferðina í gegnum árin. Þriðja útgáfa Skotanna var þýdd yfir á íslensku og gefin út árið 2010 og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Fjórða útgáfa Skotanna var þýdd og gefin út í Sveitarfélaginu Skagafirði í apríl 2016. Íslenska þýðingin ber heitið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Innleiðing á nýrri útgáfu á *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* hófst í Árskóla vorið 2016. Samhliða verða gæðagreinar sem starfsfólk skólans hefur búið til á síðustu misserum um skólastarf í Árskóla lagðir fyrir til mats og umbóta. Starfsfólk skólans er orðið vel þjáfað í innra mati á skólastarfinu sem byggir á ábyrgri, faglegri ígrundun og þátttöku allra þar sem umbótamiðað skólastarf er grunnhugsunin. Nemendur hafa einnig oft komið að innra mati og tekið virkan þátt í mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðinni. Stefnt er í átt að *framúrskarandi skólastarfi*. Vegna aðstæðna í skólastarfinu í vetur fór minna fyrir innra mati en oft áður og ekki var um neitt nemendamat að ræða. Niðurstöður mats starfsfólks og foreldra svo og umbótaáætlanir sem settar hafa verið fram á skólaárinu má skoða í sjálfsmatsskýrslu skólans sem gefin er út árlega og birt á heimasíðu skólans.

YTRA MAT Á SKÓLASTARFI

Í fyrravetur tók Árskóli þátt í tilraunaverkefni á vegum Fræðsluþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem nefnist Skólaspegillinn, staðfest sjálfsmat. Stjórnendur skólanna í Skagafirði mynduðu teymi ásamt fulltrúum frá fræðsluviði til að leggja mat á valda þætti skólastarfsins í Árskóla.

Markmið og tilgangur Skólaspegilsins eru:

- Að skapa sameiginlegan skilning á starfi innan skólasamfélagsins
- Að stuðla að framförum með því að styðja skóla við að auka gæði skólastarfs

- Að læra af og deila góðu verklagi á milli skóla
- Að meta skólastarfið og upplýsa um getu skólans til umbóta
- Að tryggja gæði menntunar
- Að styrkja skólastjórnendur í starfi og skapa þeim vettvang til samstarfs og starfsþróunar
- Að uppfylla lagaskyldur um ytra mat á sveitarfélagsstigi

Vonir standa til að notkun Skólaspegilsins í skagfirskum grunnskólum leiði til aukinnar samvinnu og samábyrgðar á milli skóla og fræðsluyfirvalda í héraði um gæði menntunar barna í sveitarfélaginu. Með aðferðum Skólaspegilsins skapist nýr vettvangur fyrir virkt lærdómssamfélag þar sem allir hagsmunaaðilar í skólastarfi leggi sitt lóð á vogarskálarnar til að meta skólastarf reglubundið með umbótamiðuðum hætti.

Gert er ráð fyrir mati á öllum grunnskólum í Skagafirði að jafnaði annað eða þriðja hvert ár með aðferðum Skólaspegilsins, en vegna aðstæðna í vetur var ekki haldið áfram með þetta tilraunaverkefni í hinum skólunum eins og til stóð.

ENDURMENNTUN

FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS

Innleiðingu á *Byrjendalæsi* hefur verið fylgt eftir á skólaárinu. Einn kennari frá Árskóla lagði stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 19 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskennarar.

Stutt námskeið um tæknimál hafa verið innan skólans í vetur, auk kynninga á smáforritum til kennslu. Einnig var UTís ráðstefna í Árskóla í nóvember þar sem tækninýjungar og notkun þeirra í skólastarfi voru í brennidepli. Þessa ráðstefnu sátu nokkrir kennarar skólans auk starfsfólks skóla víðsvegar af landinu. Auk þess naut starfsfólk skólans góðs af UTís-ráðstefnunni því daginn fyrir ráðstefnuna var sérstakur UT-fræðsludagur í skólanum með því helsta sem þar var til umfjöllunar.

Í nóvember stóð foreldrafélag Árskóla fyrir fræðslufundi fyrir foreldra barna í 1. - 10. bekk. Fyrirlesarinn, Hildur H. Pálsdóttir, hefur haldið marga fyrirlestra um forvarnir í skólum. Hildur byggir fyrirlestra sína á eigin reynslu, en fyrir tæpum fimm árum missti hún 15 ára gamla dóttur sína úr fíkniefnaneyslu. Nemendur í 8. - 10. bekk fengu fræðslu frá Hildi á skólatíma.

Í febrúar var foreldrum nemenda í 1. - 10. bekk boðið á fyrirlestur Þorgríms Þránínssonar rithöfundar „Verum ástfangin af lífinu.“ Fyrirlesturinn var samstarfsverkefni skólans og foreldrafélagsins. Þorgrímur heimsótti einnig nemendur 10. bekkjar og ræddi við þá mikilvægi þess að bera ábyrgð á sjálfum sér, huga að litlu hlutunum daglega, setja sér markmið og hjálpa öðrum.

RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS

Á þessu skólaári tók Árskóli þátt í tveimur verkefnum á vegum ERASMUS+ menntaáætlunarinnar. Annað þessara verkefna er samstarfsverkefni við skóla frá löndum víðs vegar um Evrópu. Verkefnið varðar málefni innflytjenda og flóttamanna. Fyrirhuguð var ein ferð til Kanaríeyja í mars með þátttöku nemenda og kennara. Sökum Covid-19 var ferðinni frestað til næsta hausts.

Árskóli er einnig þátttakandi í starfsmenntaverkefni á vegum ERASMUS+. Þrjú kennarar sóttu námskeið í Grikklandi og á Ítalíu í því verkefni sumarið 2019. Einnig tók skólinn á móti þremur kennurum frá Anna-Pröll Mittelschule Gersthofen í Þýskalandi sem dvöldu hér í viku. Þeir heimsóttu kennslustundir og tóku þátt í skólastarfinu. Áætlað var að fjórir kennarar færu frá Árskóla í apríl í slíkar vettvangsheimsóknir. Vegna Covid-19 hefur þessum heimsóknum verið frestað til upphafs næsta skólaárs.

FRÆÐSLUDAGUR

Sameiginlegur fræðsludagur starfsfólks leik- og grunnskóla, FNV og Tónlistarskóla Skagafjarðar var haldinn í Miðgarði í Varmahlíð í upphafi skólaárs, 15. ágúst. Fræðsludagurinn er haldinn árlega á vegum Fræðsluþjónustu Skagfirðinga. Starfsfólk Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra tók þátt í fyrsta sinn á fræðsludegi. Dagskráin samanstóð af erindum, kynningum og fjölbreyttum málstofum. Selma Barðdal fræðslustjóri setti fræðsludaginn og kynnti dagskrána. Ingileif Oddsdóttir skólameistari FNV hélt erindi um stöðu og hlutverk FNV í samfélaginu. Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi/verkefnastjóri kynnti stöðuna á vinnuferli við gerð nýrrar Menntastefnu Skagafjarðar. Eftir kaffihlé var boðið upp á samtals ellefu málstofur sem keyrðar voru í tvígang, sjá hér neðar.

Um hádegisbil söfnuðust þátttakendur á sal og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir íþróttakennari í Varmahlíðarskóla stýrði heilsusprelli þar sem allir tóku þátt. Í kjölfarið komu góðir gestir frá Embætti landlæknis. Alma D. Möller landlæknir og Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri skrifuðu formlega undir samstarfssamning um verkefnið *Heilsueflandi samfélag* sem Sveitarfélagið Skagafjörður er nú aðili að. Að hádegishléi loknu héldu þær Gígja Gunnarsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi samfélags, Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi grunnskóla og Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla erindi undir yfirskriftinni *Heilsueflandi samfélag og skólastarf*. Allar eru þær starfsmenn hjá Embætti landlæknis. Í lok fræðsludags kynntu þær Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu í GaV og Björk Hlökkversdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu í Árskóla fyrirhugaðar menntabúðir sem haldnar yrðu í skólum í Skagafirði. Boðið var upp á tólf fjölbreyttar málstofur og gat hver starfsmaður valið um að taka þátt á tveimur þeirra.

PRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF

VINALIÐAVERKEFNIÐ

Skólaárið 2012 - 13 hóf Árskóli þátttöku í norsku verkefni, Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu, ásamt öðrum skólum í Skagafirði. Er það liður í viðleitni skólanna til að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútum og skapa um leið betri skólaanda.

Í Vinaliðaverkefninu setja ákveðnir nemendur, Vinaliðar, upp leiki og afþreyingu í frímínútum fyrir skólafélaga sína. Vinaliðarnir eru valdir af bekkjarfélögum og er hlutverk þeirra, auk þess að sjá um leikina, að fylgjast með samnemendum, veita þeim athygli sem eru einir og láta vita ef þeir verða varir við útilokun, einelti eða annað sem valdið getur nemendum vanlíðan.

Markmið Vinaliðaverkefnisins er forvörn gegn einelti, aukin hreyfing og leiðtogaþjálfun.

Í vetur, sem og undanfarna vetur, hefur Árskóli verið móðurskóli fyrir Vinaliðaverkefnið á landsvísu og aðstoðað aðra skóla við innleiðingu þess. Í haust voru um 50 skólar þátttakendur og þar af 2 nýir skólar, en tveir skólar ákváðu að hvíla sig á verkefninu og er því heildarfjöldi skólanna 48 talsins.

Guðjón Örn Jóhannsson lét af störfum eftir að hafa stýrt verkefninu með miklum sóma frá upphafi þess. Sigríður Inga Viggósdóttir tók við hans starfi. Þær breytingar voru gerðar á námskeiðshaldi að um 2 - 4 skólar voru teknir saman á námskeið, 80 - 100 krakkar á námskeiði úr mismunandi skólum. Það tókst mjög vel til með þetta fyrirkomulag og var mikil ánægja með það. Alls voru haldin 21 námskeið á önn.

LESTRARSTEFNA

Lestur er börnum bestur er heiti Lestrarstefnu Skagafjarðar. Markmið lestrarstefnu Skagafjarðar eru: Að efla læsi í tónlistar-, leik- og grunnskólum í Skagafirði, að skapa samfellu í læsinámi barna og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og efla samstarf við heimilin á sviði lestrar. Stefnan leit fyrst dagsins ljós haustið 2018 og kom þá út á prenti. Í kjölfarið var henni dreift inn á öll heimili nemenda í Árskóla eftir kynningu á fræðslufundum fyrir foreldra. Lestarstefnan er einnig aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu skólans og þar verður hún uppfærð reglulega því stefna eins og þessi þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Sú endurskoðun er í höndum læsiráðs Skagafjarðar en í því sitja fulltrúar fyrir hvern leik- og grunnskóla í firðinum. Í læsiráði fyrir Árskóla situr Anna Steinunn Friðriksdóttir.

BYRJENDALÆSI

Byrjendalæsi er sú kennsluaðferð sem Árskóli leggur til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð yngstu nemendum og tók innleiðingarferlið tvö ár undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Því formlega samstarfi lauk vorið 2012. Nú leiða tveir leiðtogar verkefnið heima í héraði, þær Anna Steinunn Friðriksdóttir deildarstjóri sérkennslu í Árskóla og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir deildarstjóri á Hólum. Í Byrjendalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu. Segja má að Byrjendalæsi leiði af sér bæði fjölbreytni í læsisaðferðum og kennsluháttum. Vænst er skuldbindingar að hálfu nýrra kennara á yngsta stigi við aðferðina þannig að þeir fara í gegnum tveggja ára nám sem felst í fræðslu um aðferðina og ráðgjöf þar að lútandi frá leiðtogum. Einn kennari frá Árskóla hefur lagt stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 19 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskennarar. Jákvæðni og ánægja

eru mikil með vinnubrögð Byrjendalæsis, bæði hjá nemendum og kennurum, þannig að óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að festa Byrjendalæsi í sessi í skólastarfi yngstu nemendanna.

OLWEUSARSTARFIÐ

Árskóli hefur tekið þátt í áætlun Olweusar gegn einelti allt frá árinu 2002. Þórunn Ingvadóttir gegnir starfi verkefnastjóra Olweusaráætlunarinnar í Árskóla. Lykilmenn voru auk hennar: Ásta Búadóttir, Edda María Valgarðsdóttir, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Katrín Ingólfssdóttir, Ólöf Pétursdóttir, Sandra Magnúsdóttir, Sigurlaug Konráðsdóttir og Ragna Fanney Gunnarsdóttir.

Fram eftir vetri var starfið með hefðbundnum hætti þ.e. þar til Covid-19 og samkomubann skall á. Haldnir voru umræðufundir starfsfólks, hefðbundin Olweusarvinna í öllum bekkjum skólans þar sem bekkjarfundir voru haldnir reglulega og eineltisáætlunin og eineltishringurinn rifjuð upp.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn einelti 8. nóvember unnu nemendur í öllum árgöngum veggspjöld með slagorðum gegn einelti. Valin veggspjöld voru prentuð út og römmuð inn. Þau verða hengd upp víðs vegar um skólann.

Olweusarkönnunin var lögð fyrir í nóvember og niðurstöður kynntar og ræddar á umræðufundi í febrúar. Niðurstöðurnar voru einnig kynntar í 5. - 10. bekk. Í könnuninni eru skoðaðir þættir eins og viðbrögð í eineltisaðstæðum, afstaða nemenda til eineltis, túlkun nemenda á ýmsum þáttum, líðan þeirra og viðhorf. Helstu niðurstöður í ár eru þær að einelti mælist minna á þessu skólaári en því síðasta eða 6,2%, en landsmeðaltal var 6,3%. Til samanburðar mældist einelti meðal nemenda í 5. - 10. bekk í nóvemberkönnun árið 2018 6,2% (6,6%), 2017 3,7% (6,4%) og 2016 4,5% (4,7%) (landsmeðaltal). Þessar niðurstöður gefa okkur vísbendingar um að baráttan gegn einelti sé eilífðarverkefni og aldrei megi slá slöku við. Það er markmið starfsfólks

Árskóla að áfram verði unnið öflugt forvarnarstarf í skólanum gegn einelti en það verður seint undirstrikað hversu stórt hlutverk foreldrar og nærsamfélagið spila í þessari baráttu.

VINAVERKEFNIÐ

Vinaverkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundasviðs og foreldra í Skagafirði. Starfsfólk frístundar hefur verið í forsvari fyrir vinaverkefnið sl. skólaár.

Grunnhugmynd Vinaverkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku og að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Vinaverkefnið hófst formlega vorið 2008 og var fyrstu árin styrkt af styrktarsjóðnum *Sáttmála til sóknar*. Vinaverkefnið hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2011.

Eitt af verkefnum vinateymisins hefur verið að halda vinadag í Skagafirði með áherslu á samveru árganga, leik, söng og dans. Nemendur og starfsfólk allra grunnskólanna í firðinum auk nemenda úr skólahópum leikskólanna þriggja og starfsmanna þeirra, ásamt 1. árs nemum FNV, hafa undanfarin ár tekið þátt í vinadeginum. Ekki náðist að halda vinadaginn á þessu skólaári af óviðráðanlegum orsökum.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2019 - 2020

Samband ísenskra
svettarféлага

Skóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:

Árskóli

2019 – 2020

ÁRÞR	ÁUGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚÁR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1. Þ	1. S	1. Þ	1. Þ	1. Þ	1. S	1. M	1. L	1. S	1. M	1. Þ	1. M
2. Þ	2. M	2. M	2. L	2. L	2. M	2. Þ	2. S	2. M	2. Þ	2. L	2. Þ
3. L	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. S	3. Þ
4. S	4. M	4. Þ	4. Þ	4. M	4. M	4. L	4. Þ	4. M	4. L	4. M	4. Þ
5. M	5. Þ	5. L	5. L	5. Þ	5. Þ	5. S	5. Þ	5. Þ	5. S	5. Þ	5. Þ
6. Þ	6. Þ	6. S	6. M	6. M	6. Þ	6. M	6. Þ	6. Þ	6. M	6. M	6. L
7. M	7. L	7. M	7. M	7. Þ	7. L	7. Þ	7. L	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. S
8. Þ	8. S	8. M	8. Þ	8. Þ	8. S	8. M	8. L	8. S	8. M	8. Þ	8. M
9. Þ	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. M	9. Þ	9. S	9. M	9. Þ	9. L	9. Þ
10. L	10. Þ	10. M	10. Þ	10. Þ	10. M	10. Þ	10. S	10. M	10. Þ	10. L	10. M
11. S	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. L	11. M	11. M	11. L	11. M	11. M
12. M	12. Þ	12. L	12. M	12. S	12. Þ	12. S	12. M	12. S	12. S	12. Þ	12. Þ
13. Þ	13. Þ	13. S	13. M	13. Þ	13. Þ	13. M	13. Þ	13. Þ	13. M	13. M	13. L
14. M	14. L	14. M	14. Þ	14. Þ	14. L	14. S	14. Þ	14. L	14. Þ	14. F	14. S
15. Þ	15. S	15. M	15. Þ	15. Þ	15. S	15. M	15. L	15. S	15. M	15. Þ	15. M
16. Þ	16. M	16. M	16. L	16. M	16. M	16. Þ	16. S	16. M	16. Þ	16. L	16. Þ
17. L	17. Þ	17. M	17. M	17. S	17. Þ	17. L	17. M	17. M	17. L	17. S	17. M
18. S	18. M	18. Þ	18. M	18. M	18. L	18. S	18. M	18. M	18. L	18. M	18. Þ
19. M	19. Þ	19. L	19. M	19. M	19. Þ	19. S	19. M	19. Þ	19. S	19. Þ	19. Þ
20. Þ	20. L	20. M	20. M	20. Þ	20. L	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. L
21. M	21. M	21. L	21. M	21. M	21. L	21. M	21. M	21. L	21. M	21. M	21. S
22. Þ	22. S	22. M	22. Þ	22. Þ	22. S	22. M	22. L	22. S	22. M	22. Þ	22. M
23. Þ	23. M	23. M	23. L	23. M	23. M	23. L	23. S	23. M	23. F	23. L	23. M
24. L	24. Þ	24. M	24. M	24. S	24. M	24. M	24. M	24. M	24. F	24. S	24. M
25. S	25. M	25. M	25. M	25. M	25. L	25. M	25. M	25. M	25. S	25. M	25. Þ
26. M	26. Þ	26. L	26. M	26. M	26. M	26. S	26. M	26. M	26. S	26. M	26. Þ
27. Þ	27. M	27. M	27. M	27. M	27. L	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. L
28. M	28. L	28. M	28. M	28. M	28. L	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. S
29. Þ	29. M	29. M	29. M	29. M	29. S	29. M	29. M	29. S	29. M	29. M	29. M
30. Þ	30. M	30. M	30. L	30. M	30. M	30. Þ	30. M	30. M	30. Þ	30. L	30. Þ
31. L	31. M	31. L	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M

Samband Ísenskra Svettarféлага við Kennisráðgjafi Íslands skólagæðingur nemanda vora 160 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sémiðlar mánudaga koma á stafrænar nemendur og kennara og með höfðin af lýsningarmarkaði.
Starfsdagur koma á stafrænar nemendur en 8.

FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2020-2021

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2020 - 2021											
		AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JUNÍ	
1. L	1 Þ	1 F	1 S	1 F	1 Þ	1 M	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 Þ	
2. S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	
3. M	3 F	3 L	3 Þ	3 S	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 F	
4. Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 F	
5. M	5 M	5 M	5 Þ	5 Þ	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 Þ	5 L	5 L	
6. F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 L	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 S	
7. F	7 M	7 M	7 L	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	
8. L	8 Þ	8 F	8 S	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 Þ	
9. S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	
10. M	10 F	10 L	10 Þ	10 S	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 F	
11. Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 F	
12. L	12 M	12 M	12 F	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 L	
13. F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 S	13 M	13 L	13 L	13 F	13 F	13 S	13 S	
14. M	14 M	14 M	14 L	14 M	14 M	14 F	14 S	14 S	14 F	14 F	14 M	14 M	
15. L	15 Þ	15 F	15 S	15 S	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 F	15 Þ	15 Þ	
16. S	16 M	16 F	16 L	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	
17. M	17 F	17 L	17 Þ	17 S	17 F	17 M	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 F	
18. Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 F	
19. L	19 M	19 M	19 F	19 F	19 L	19 Þ	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L	
20. F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 S	
21. M	21 M	21 M	21 L	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	
22. L	22 Þ	22 F	22 S	22 S	22 F	22 M	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 Þ	
23. S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	
24. M	24 F	24 L	24 M	24 M	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 F	
25. Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 F	
26. M	26 L	26 M	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 L	
27. F	27 S	27 Þ	27 F	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 S	
28. F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	
29. L	29 Þ	29 F	29 S	29 F	29 F	29 M	29 F	29 F	29 L	29 F	29 Þ	29 Þ	
30. S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	
31. M	31 L	31 L	31 L	31 S	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir í samráði